

# Sunnudagur 26. mars



SJÓNVARPIÐ

- Páskadagur
- 14.00 **Páskamessa** í Breiðholtskirkju. Sr. Gísli Jónasson flytur guðsþjónustu.
- 15.10 **My Fair Lady**. Sigild bandarísk söngvamynd frá 1964 með Rex Harrison og Audrey Hepburn í aðalhlutverkum. Áður á dagskrá á jóladag 1988. Þýðandi Óskar Ingimarsson.
- 18.00 **Páskastundin okkar**. Umsjón Helga Steffensen.
- 18.25 **Tusku-Tóta og Tumi**. (Raggedy Ann and Andy). Bandarískur teiknimyndaflokkur um leikföngin sem lifna við og ævintýrin sem þau lenda í. Leikráðir Army Jóhannsdóttir og Halldór N. Lárusson. Þýðandi Þorsteinn Þórhalls-son.
- 18.55 **Táknmálsfréttir**.
- 19.00 **Roseanne**. (Roseanne). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 19.25 **Páskæggið**. (The Easter Egg). Teiknimynd frá Wales.
- 20.00 **Fréttir og veður**.
- 20.20 **Flugskírteini nr. 13**. Ný heimildamynd um Þorstein Jónsson flugmann, en hann er einn reyndasti flugmaður Íslands. Þorsteinn var orustuflygmaður í breska flughernum í seinni heimsstyrjöldinni og síðar lenti hann í miklum hættum í hjálparflugi í Biafra.
- 21.20 **Matador (20)**. (Matador). Danskur framhaldsmyndaflokkur í 24 þáttum. Leikstjóri Erik Balling. Aðalhlutverk Jörgen Buckinghøj, Buster Larsen, Lily Broberg og Ghita Nørby. Þýðandi Veturlíði Guðnason.
- 22.25 **Ok horn glóa við himin sjálfan**. – Á hreindýraslóðum með Sigrúnu Stefánsdóttur. Í þessari mynd er fjallað um aðdraganda þess að hreindýr voru flutt til Íslands á sínum tíma, lífnaðarhætti þeirra, hreindýraveiðar o. fl. Í myndinni er sýnt brot úr mynd Eðvarðs Sigurgeirssonar „Á hreindýraslóðum“ sem gerð var um 1940 þegar fyrstu hreindýrarannsóknirnar fóru fram. Rætt er við fjölda manns á Austfjörðum sem fylgst hefur með dýrunum og stundað hreindýraveiðar í áratugi.
- 23.05 **Úr ljóðabókinni**. Heilræðavísur Hallgríms Péturssonar lesnar af Þorsteini Gunnarssyni. Dagskrárgerð Jón Egill Bergþórsson.
- 23.10 **Háaloftið**. (The Attic). Ný bresk sjónvarpsmynd byggð á sögu Miep Gies, en það var einmitt hún sem faldi fjölskyldu Önnu Frank í húsnaði sem hún vann í á stríðsárunum og kom dagbókum hennar á framfæri. Þýðandi Ýr Bertelsdóttir.
- 00.45 **Útvarpsfréttir** í dagskrárlök.

- 18.20 **Jass. Nina Simone**. Athyglisverður tónlistarpáttur með jass-söngkonunni Ninu Simone.
- 19.20 **Fjór á framabraut**. The Secret of My Success. Michael J. Fox í hlutverki framagosans sem kemur til New York til að slá í gegn í viðskiptaheiminum. Honum gengur erfiðlega að fá vinnu þar til hann lætur reyna á fjölskylduböndin og fær vinnu hjá frænda sínum. Til þess að stytta sér leið á toppinn tekur hann að sér tvo störf en flækist um leið í ástarsamband við konu forstjórans. Aðalhlutverk Michael J. Fox, Helen Slater, Richard Jordan, Margaret Whitton og Christopher Murney.
- 21.10 **Áfangar**. Vandaðir og fallegir þættir þar sem brugðið er upp svipmyndum af ýmsum stöðum á landinu sem merkir eru fyrir náttúruferðir eða sögu en ekki eru alltaf í alfaraleið.
- 21.25 **Helgarspjall**. Hvað tekur við þegar heman er komin inn í skáp? Það er án efa ýmislegt sem guðsmennirnir taka sér fyrir hendur í fristundum. Að þessu sinni í Helgarspjalli ætla fjórir hressir norðlenskir prestar að deila með okkur áhugamálum sínum og tómsundum.
- 22.10 **Myrkraverk**. Echoes in the Darkness. Framhaldsmynd í tveim hlutum. Fyrri hluti. Sannsguleg kvikmynd sem byggð er á samnefndri metsöluþók Joseph Wambaugh. Í útjóri Harrisburg, Pennsylvaníu, árið 1979 fannst illa leikið lík ungrar kennslukonu að nafni Susan Reinert. Samfara fundinum uppgötvast að tvö ung börn hennar virðast hafa horfið gersamlega sporlaust. Aðalhlutverk Peter Boyle, Stockard Channing, Gary Cole og Peter Coyote.
- 23.40 **Í klakaböndum**. Dead of Winter. Kraftmikil og vel leikin spennu- mynd um unga leikkonu sem fær hlutverk í kvikmynd. Hún er ráðin af sérvirngi sem býr í draugalegum kastala en seint og um síður uppgötvur hún að hlutverkið er á annan veg en hún hafði ætlað. Aðalhlutverk Mary Steenburgen, Roddy McDowall og William Russ. Ekki við hæfi barna.
- 1.15 **Crunch**. Reyndur lögregluámaður í morð- og innbrotadeild ásamt ungum samstarfsmanni sínum virka hvetjandi á löghlyðna íbúa Los Angeles borgar en skapa og hjá þeim sem brjóta lögin. Aðalhlutverk Yaphet Kotto, Stephen Nathan og Richard Venture. Ekki við hæfi barna.
- 2.55 **Dagskrárlok**.



Rás I FM 92,4/93,5

- 7.45 **Klukknahtinging**. Blásarasveit leikur sálmalög.
- 8.00 **Messa í Grensáskirkju**. Prestur: Séra Halldór Gröndal.
- 9.00 **Fréttir**.
- 9.03 **Páskaóratóran eftir Johann Sebastian Bach**.
- 10.00 **Fréttir**. Tilkyrningar.
- 10.10 **Veðurfréttir**.
- 10.25 **Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar**. Karl Guðmundsson les úr guðspjöllunum og séra Jónas Gíslason flytur skýringar. Umsjón: Gísli Helgason.
- 11.00 **Messa í Fríkirkjunni í Hafnarfirði**. Prestur: Séra Einar Eyjólfsson.
- 12.10 **Dagskrá**.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Veðurfréttir**.
- 12.50 **Tvö lög eftir John Dowland**. – I saw my Lady weep. – A shepherd in a shade.

- 13.00 **Páskaleikrit Útvarpsins**: „Hamlet Danaprins“ eftir William Shakespeare. Þýðandi: Helgi Hálfðanarson. Útvarpshandrit: Jón Viðar Jónsson. Leikstjóri: Stefán Baldursson. Leikendur: Arnar Jónsson, Erlingur Gíslason, Kristbjörg Kjeld, Róbert Arnfínnsson, Edda Heiðrún Backmann, Sigurður Skúlason, Kristján Frján Magnús, Þorsteinn Gunnarsson, Halldór Björnsson, Þór H. Túlinius, Baldvin Halldórs-son, Anna Kristín Arngrímsdóttir, Viðar Eggertsson, Pétur Einarsson, Helgi Björnsson, Emil Gunnar Guðmundsson, Jón Sigur- björnsson, Randver Þorláksson, Þórarinn Eyfjörð, Jón Hjartarson, Karl Guðmundsson, Ingvar Eggert Sigurðsson, Jón Ingi Hilmars-son, Erling Jóhannesson, auk annara nemenda 3. bekkjar Leik- listarskóla Íslands. Blásarar og slagverksleikarar úr Sinfóníu- hljómsveit Íslands leika frum- samda tónlist eftir Áskel Másson undir stjórn höfundar. Aðrir hljóð- færaleikarar: Monika Abendroth, Pétur Grétarsson og Kolbeinn Bjarnason. Tónmeister: Bjarni Rúnar Bjarnason. Tæknimenn: Hreinn Valdimarsson og Vígfús Ingvarsson.

- 16.00 **Fréttir**. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfréttir**.
- 16.20 **Barnaútvarpið** – „Vetrarævin- týri“ eftir Shakespeare. Kári Hall- dór les endursögn Charles og Mary Lamb. Lára Pétursdóttir ís- lenskaði.
- 17.00 **Frá tónleikum Kammermúsík- klúbbsins í Bústaðakirkju 15. jan.** sl. „Trió Reykjavíkur“ (Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Kvaran og Halldór Haraldsson) leikur: – Trió í G-dúr kv 564 eftir Wolfgang Amadeus Mozart. – Þrjú nætur- ljóð eftir Ernest Bloch. – Trió í B-dúr op. 99 eftir Franz Schu- bert. Kynnir: Bergþóra Jónsdóttir.
- 18.20 **„Hvers virði eru frimerki?“** Pétur Gunnarsson les kafli úr óbirtri skáldsögu sinni.
- 18.45 **Veðurfréttir**.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.20 **Armenska kirkjan**. Umsjón: Þórir Jökull Þorsteinsson.
- 20.00 **Sunnudagsstund barnanna**. Umsjón: Kristjana Bergsdóttir. (Frá Egilsstöðum)
- 20.30 **Tónskáld og tignarmaður**. Hinrik áttundi og enski vinsælda- listinn á 16. öld. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Þættinum var áður útvarpað í apríl á síðasta ári.)
- 21.30 **Útvarpsagan**: „Heiðaham- ur“ eftir Gunnar Gunnarsson. Andrés Björnsson les (7.) Rás 1, framhald
- 22.00 **Fréttir**. Dagskrá morgundags- ins. Orð kvöldsins.
- 22.15 **Veðurfréttir**.
- 22.20 **Á síðkvöldi**. Árni Heimir Ing- ólfsson gluggar í plötusafn út- varpsins.
- 23.00 **Ugla hennar Minervu**. Þáttur um heimspeki. Rætt við dr. Sigur- björn Einarsson biskup um fáeina þætti í trúarkeningum kristin- dómsins. Umsjón: Arthúr Björg- vin Bollason. (Áður útvarpað í febrúar 1985.)
- 23.40 **Kvintett fyrir horn og strengja- kvartett eftir Mozart**. Sebastian Huber leikur á horn með „Endres“ strengjakvartettinum. (Af hljólm- plötu.)
- 24.00 **Fréttir**.
- 00.10 **Ómur að utan** – Leiden des jungen Werther. Michael Weltau les úr „Raunum Werthers unga“ eftir Goethe. Umsjón: Signý Páls- dóttir.
- 01.00 **Veðurfréttir**. Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.



- 03.05 **Vökulögin**. Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfréttir frá Veðurstofu kl. 4.30.
- 9.03 **Páskadagsmorgunn með Svavari Gestu**. Leikið verður efni úr spurninga- og skemmtiþáttun- um „Sunnudagskvöld með Svavari Gestu“ frá árinu 1963.
- 11.00 **Gettu!** Sigurður G. Tómasson stjórna spurningakeppni með þáttöku fjölmíðlafólks.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Spilakassinn**. Pétur Grétarsson spjallar við hlustendur sem freista gæfunnar í Spilakassa Rásar 2.
- 15.00 **Vinsældalisti Rásar 2**. Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Endurtekinn frá föstudagskvöldi.)
- 16.05 **124**. tónlistarkrossgátan. Jón Gröndal leggur gátuna fyrir hlust- endur.
- 17.00 **Tengja**. Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.20 **Reynir Jónasson og félagar leika**.
- 19.30 **Áfram Ísland**. Dægurlög með íslenkum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins** – Æskan og þjóðkirkjan. Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir.
- 21.30 **Kvöldtónar**.
- 22.07 **Á elleftu stundu**. Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
- 01.10 **Vökulögin**. Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsam- göngum kl. 5.00 og 6.00. Veður- fréttir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.00, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.



- 10.00 **Haraldur Gíslason**. Þægileg sunnudagstónlist.
- 16.00 **Ólafur Már Björnsson**. Góð sunnudagstónlist. Óskalagasim- inn er 61 11 11.
- 21.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson**. Þægileg tónlist á sunnudegi.
- 24.00 **Nætur dagskrá Byljjunnar**.



- 10.00 **Margrét Hrafnadóttir**. Þessi fjallhressa útvarpskona fer á kost- um hér á Stjórninni. Margrét fer rólega af stað en kemur okkur síð- an smátt og smátt í gang.
- 14.00 í **harta borgarinnar**. Þetta er þáttur sem öll fjölskyldan hlustar á. Jörundur Guðmundsson stýrir þessum bráðskemmtilegu þáttum sem eru í beinni útsendingu frá Hótel Borg. Þar koma fram leikar- arnir Guðmundur og Magnús Ólafssynir, kallaðir MÖL og GÖL. Einnig mæta í þáttinn fulltrúar frá tveimur fyrirtækjum sem keppa í léttum og spennandi spurninga- leikjum og síðast en ekki síst spjallar Jörundur svo við tvo kunna gesti í hverjum þætti. Skemmtiþáttur sem enginn má missa af!
- 16.00 **Margrét Hrafnadóttir**. Magga tekur upp þráðinn þar sem frá var horfið og heldur uppi góðri stemningu, hvar annars staðar en hér á Stjórninni.
- 18.00 **Stjarnan á rólegu nótnum**. Þægileg tónlist á meðan þjóðin nærir sig.
- 20.00 **Sigursteinn Másson**. Óskalaga- þáttur unga fólksins. S. 681900.
- 24.00 **Næturstjórnum**. Okynnt tónlist úr ýmsum áttum.

## Hljóðbylgjan

Reykjavík FM 95,7 Akureyri FM 101,8

- 9.00 **Haukur Guðjónsson**, hress og kátur á sunnudagsmorgni.
- 12.00 **Okynnt hádegistónlist**.
- 13.00 **Pétur Guðjónsson** sér um að hafa góða skapið í lagi á sunnu- degi.
- 16.00 **Hafdis Eygló Jónsdóttir** spilar og spjallar.
- 19.00 **Okynnt kvöldmatartónlist**.
- 20.00 **Íslenskir tónar**. Kjartan Pál- arsson leikur öll bestu íslensku lögin, lögin fyrir þig.
- 23.00 **Þráinn Brjánsson**, kveldúlfur- inn mikli, spilar tónlist sem á vel við á kvöldi sem slíku.
- 1.00 **Dagskrárlok**.



- 14.00 **Orð Guðs til þín**. Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá þriðjudegi.
- 15.00 **Alfa með erindi til þín**: Guð er hér og vill finna þig. Blessunarrík tónlist spiluð.
- 21.00 **Orð Guðs til þín**. Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá fimmtu- degi.
- 22.00 **Alfa með erindi til þín**. Frh.
- 24.00 **Dagskrárlok**.



- 10.00 **Sigildur sunnudagur**. Leikin klassísk tónlist.
- 12.00 **Jass & blús**.
- 13.00 **Prógramm**. Tónlistarpáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 **Elds er þórf**. Vinstri sósíalistar. E.
- 16.00 **Kvennaútvarpið**. Ýmis kvenna- samtök.
- 17.00 **Á mannlegu nótnum**. Umsjón: Flokkur mannsins.
- 18.00 **Úr ritverkum Þórbergs Þórðar- sonar**. Jón frá Pálmholti les.
- 18.30 **Mormónar**. E.
- 19.00 **Sunnudagur til sælu**. Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
- 20.00 **Fés**. Unglingaþáttur.
- 21.00 **Múrverk**. Tónlistarpáttur í um- sjá Kristjáns Freys.
- 22.30 **Nýi tíminn**. Umsjón: Bahá'í- samfélagið á Íslandi.
- 23.00 **Kvöldtónar**. Tónlist á rólegu nótnum.
- 23.30 **Rótar draugar**.
- 24.00 **Næturvakt** til morguns með Kidda í Gramminu. Fjölbreytt tón- list og svarað í síma 623666. Meðal efnis: kl. 2.00 Poppmessa í G-dúr. Tónlistarpáttur í umsjá Jens Guð. E. o.fl.



- 12.00 **FÁ**.
- 14.00 **MR**.
- 16.00 **MK**.
- 18.00 **FG**.
- 20.00 **Útvarpsráð Útrásar**.
- 22.00 **Neðanjarðargöngin**, óháður vinsældalisti á FM 104,8.
- 01.00 **Dagskrárlok**.



Biómyndin Háaloftið er talin einkar hugljúf. Mary Steenburgen fer með eitt aðalhlutverkið í þessari mynd.

Sjónvarp kl. 23.10:

# Háaloftið

Margir þekkja söguna um dagbók Önnu Frank. Bíómynd kvöldsins, Háaloftið, greinir frá þeim atburðum, séð frá öðrum sjónarhóli. Myndin segir frá hollensku stúlkunni Miep Gies sem tekur að sér að fela Otto Frank og fjölskyldu hans fyrir nasistum á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar. Hún er fjölskyldunni líflina á þessum tímum háska og óróa og veitir þeim skjól frá nasistunum. En fjölskyldan kemst ekki undan þrátt fyrir tilraunir Miep og eru meðlimir hennar teknir höndum. En Miep finnur dagbók Önnu Frank og kemur henni undan í þeirri von að eigandi hennar komi brátt að vitja hennar. Með aðalhlutverkin í myndinni fara Mary Steenburgen, Paul Scofield og Huub Stapel. Háaloftið fær góða dóma kvikmyndagagnrýnenda og er talin einkar hugljúf.

StB

Stöð 2 kl. 17.00:

Andy Warhol:

# Líf hans og list

Hinn sérstæði listamaður Andy Warhol lést árið 1987. Í kvöld verður á dagskrá bíómynd sem fjallar um ævi og starf hans, en þetta er fyrsta myndin sem sýnd er um listamanninn eftir lát hans. Andy Warhol var alla tíð umdeildur bæði í list sinni og einkalífi. Hann ólst upp í Bandaríkjunum, sonur tékkneskra innflytjenda. Hann dreyindi ungan um frægð og frama í Hollywood og náði því að verða einn af þekktari persónuleikum þar. Hann kom víða við á listferli sínum, m.a. í kvikmyndaframleiðslu, myndlist og hljómplötuframleiðslu. Í myndinni í kvöld er brugðið upp viðtölum við Warhol og sýnd nokkur verka hans. Myndin er 90 mínútur að lengd.

StB

1	2	3	4	
5		6		7
8	9	10		11
			12	
13				
14				

## Páskatónlistarkrossgátan nr. 1989

Lausnir, merktar Tónlistarkrossgátan, sendist til: Ríkisútvarpsins, rás 2, Efstaleiti 1 108 Reykjavík.

Sjónvarp kl. 20.20:

# Flugskírteini nr. 13

Þorsteinn Jónsson flugmaður lét af störfum á síðasta ári eftir 46 ára starfsferil. Þorsteinn er einn reyndasti flugmaður Íslandinga og sérstæðasti persónuleiki flugsögunnar. Hann starfaði m.a. sem orustuflygmaður í breska flughernum, var einn af fyrstu flugmönnum Flugfélags Íslands og umsjónarmaður hjálparflugs til Biafra. Þorsteinn á að baki margar ævintýra- og hættuferðir. Í bíómyndinni sem sýnd verður í kvöld verður stiklað á stóru í lífi hans, rætt við flugkappann og rifjuð upp mörg eftir- minnileg atriði frá hans langa starfsferli. Þá verður og sýnt frá því þegar kvikmyndatökumenn slógust í för með honum í síðast atvinnuflugi hans. Það er Saga film sem framleiddi þessa mynd en hún er 90 mínútur að lengd.

StB